

Uppgjör áætlunar um refaveiðar 2020-2022

Umhverfisstofnun 31.05.2023

Steinar Rafn Beck Baldursson tók saman.

Efnisyfirlit

Samantekt	3
Inngangur	4
Markmið og áherslur	4
Áætlanir sveitarfélaga	5
Uppgjör	5
Refaveiðar	6
Endurgreiðslur	7
Mat á tjóni	7
Rannsóknir og grenjaskráning	8

Samantekt

Umhverfisstofnun lagði fram áætlun um refaveiðar fyrir árin 2020-2022 sem byggði á fjármagni sem ríkið lagði fram, um 30 milljónir króna á ári. Fyrirkomulagið var með þeim hætti að sveitarfélög lögðu fram áætlanir til þriggja ára og gerður var samningur við þau í samræmi við áætlanirnar.

Árið 2013 fór af stað vinna við gerð landsáætlunar vegna refaveiðar. Umhverfisstofnun lagði fram áætlun til þriggja ára um refaveiðar 2014-2016 og endurnýjaði hana með viðbótum fyrir árin 2017-2019 og 2020-2022. Aðaláhersla áætlunarinnar var aukið samstarfs aðila, sanngjörn endurgreiðsla ásamt betri upplýsingum til mats á stofnstærð og tjóni af völdum refa.

Í þessari skýrslu er áætlunin gerð upp með umfjöllun um hvað gekk vel og hvað hefði mátt ganga betur með það að markmiði að bæta úr við gerð nýrrar áætlunar.

Niðurstaða uppgjors áætlunar um refaveiðar til þriggja ára 2020-2022 er að:

- Nokkuð vel tókst að koma út fjármagni til sveitarfélaganna og almenn sátt um fyrirkomulagið. Þó voru áætlanir hærrí en raunkostnaður síðan varð, sem hvers vegna heildarfjármagn var ekki greitt út árlega.
- Árleg veiði var á bilinu 6.400 - 7.300 dýr.
- Samningar voru gerðir við 56 sveitarfélög þau endurgreiddan hluta af kostnaði vegna refaveiða yfir samningstímann.
- Samvinna milli sveitarfélaga um áætlanir um refaveiðar tókst ekki vel, engin sameigileg áætlun var send inn.
- Upplýsingar um staðsetningu grenja er almennt góð, en þó vantar upplýsingar um hvort þau séu í ábúð á hverju ári.
- Skráning á tjóni af völdum refs var verulega ábótavant. Fáar skráning bærust stofnuninni, nokkrar vegna dýrbýta en annars bara frá æðarbændum.
- Skil á dýrum vegnar rannsókna til NÍ voru góð af flestum svæðum.
- Ekki liggur fyrir nýtt stofnstærðarmat í lok tímabilsins eins og stefnt var að né mat á ákjósanlegri verndarstöðu stofnsins.

Í ljósi ofanritaðs telur Umhverfisstofnun sig ekki geta gert tillögu um fyrirkomulag refaveiða til lengri tíma að svo stöddu. Stofnunin telur að á næsta tímabili ætti að vera búið að vinna úr þeim gögnum sem fyrir liggja varðandi stofnstærðamatið. Aftur á móti er ljóst að ef ekki berast upplýsingar um tjón af völdum refa, hvort sem er hjá bændum, fyrirtækjum, einstaklingum eða öðrum, heilsufarslegt tjón eða tjón á búfénaði eða á náttúru Íslands, getur stofnunin ekki gert slíka tillögu til lengri tíma enda eru refaveiðar stundaðar til að koma í veg fyrir tjón af völdum tegundarinnar, sbr. 12. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Inngangur

Árið 2013 fór af stað vinna við gerð landsáætlunar vegna refaveiða og í kjölfarið lagði Umhverfisstofnun fram áætlun til þriggja ára um refaveiðar 2014-2016. Aðal áhersla áætlunarinnar var aukið samstarfs aðila, sanngjörn endurgreiðsla ásamt betri upplýsingum til mats á stofninum. Áætlunin var til kynningar á vef Umhverfisstofnunar og send sveitarfélögum ásamt hvatningu um að gera athugasemdir við fyrirkomulagið. Einnig var áætlunin tekin fyrir í samráðsvettvangi fyrir refa- og minkaveiðar, þar sem aðilar frá Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun og Sambandi íslenskra sveitarfélaga eiga fulltrúa. Smávægilegar lagfæringar voru gerðar eftir það ferli og áætlunin gefin út í endanlegri mynd í kjölfarið.

Lögð var fram ný nálgun varðandi skiptingu sveitarfélaga eftir landstærð og fólksfjölda þar sem sanngirni var höfð að leiðarljósi sem gaf góða raun. Sveitarfélög lögðu fram áætlanir vegna þessara þriggja ára og í kjölfarið var gerður samningur samkvæmt þeim og fyrir fram ákveðnum endurgreiðsluhlutföllum með aukinn fyrirsjáanleika að leiðarljósi. Samningarnir voru endurskoðaðir árlega og gafst þá tækifærir til að koma að breytingum. Áætlanir sveitarfélaganna stóðust í flestum tilfellum en árlega endurskoðunin gerði það einnig að verkum að hægt var að hækka endurgreiðsluhlutföll sveitarfélaga. Hlutfallið jókst um 5% á tímabilinu fyrir öll sveitarfélög. Sveitarfélög voru hvött til að skila inn sameiginlegum áætlunum þar sem veiddir voru 10 refir eða færri og lágu saman, eingöngu fjögur sveitarfélög gengu inn í það fyrirkomulag. Heilt yfir var almenn sátt um fyrirkomulagið.

Markmið og áherslur

Umhverfisstofnun vann áætlun sem hafði að markmiði að bæta nýtingu og umgjörð þess fjármagns sem ráðstafað er til refaveiða. Áætlunin byggði á nokkrum verkþáttum. Þeir helstu eru:

- a. Bætt upplýsingaöflun er forsenda þess að nýta megi sem best þá fjármuni sem fengist hafa á fjárlögum til refaveiða á árunum.
- b. Bæta þekkingu á þáttum sem hafa áhrif á stofnstærð refs og setja markmið um ákjósanlega verndarstöðu hans til framtíðar.
- c. Auka þekkingu á raunverulegu tjóni af völdum refs og hvernig megi meta það svo hægt sé að leggja matið til grundvallar ákvarðanatöku um veiðar.
- d. Markviss grenjaskráning sem gefur upplýsingar um ábúðarhlutfall, þéttleika og búsvæðaval.
- e. Undirbúa tillögur að tilhögun refaveiða og ráðstöfun fjármagns til lengri tíma í lok verkefnisins.
- f. Bæta samráð um tilhögun refaveiða milli þeirra aðila sem málið varðar helst.

Auka þarf samvinnu milli ríkis og sveitarfélaga um refaveiðar. Áætlunin lagði upp með að taka tillit til sanngirnissjónarmiða til að tryggja að stærstur hluti þess kostnaðar sem varið er til refaveiða lendi ekki á íbúum í fámennum en landstórum sveitarfélögum. Fámenn en landstór svæði gætu þannig fengið hlutfallslega hærri kostnað endurgreiddan en stór sveitarfélög sem eru landlítil og/eða þar sem ágangur refa er ekki vandamál.

Áætlunin byggði á fyrirliggjandi gögnum, en ljóst var að mikið vantaði upp á að nægjanlega góðar upplýsingar séu til um ástand refastofnsins og hvaða tjóni hann veldur. Forsenda þess að nægilegar upplýsingar fáiast um ástand og stærð stofnsins er að veiðimenn skili greinargóðum veiðiskýrslum ásamt upplýsingum um grenjavinnslu og eintökum af hræjum sem til falla vegna veiðanna. Í framhaldinu skili viðkomandi sveitarfélag upplýsingum til Umhverfisstofnunar.

Áætlunin er gerð upp í þessari skýrslu.

Áætlanir sveitarfélaga

Umhverfisstofnun kallaði eftir þriggja ára áætlunum frá sveitarfélögum um kostnað vegna veiðanna, hvernig þeim yrði háttað (grenjaveiði/vetrarveiði) og með hvaða hætti tjón er skráð vegna refa. Áætlanirnar voru endurskoðaðar árlega þar sem hægt var að breyta áherslum og gera sameiginlegar áætlanir. Lögð var áhersla á að smærri sveitarfélög gerðu sameiginlega áætlun til hagræðingar fyrir sveitarfélögin og var greidd sérstök þóknun til sveitarfélaga ef um sameiginlega áætlun var að ræða. Samningar voru gerðir við 57 sveitarfélög á þessu tímabili í samræmi við þær áætlanir sem lagðar voru fram (sjá töflu 2).

Í áætlunum sveitarfélaga var m.a. kallað eftir upplýsingum um mat á þörfinni fyrir því að veiða refi í sveitarfélaginu og hve miklu tjón talið er að þeir valdi. Einnig var kallað eftir upplýsingum um með hvaða hætti veiðarnar eru framkvæmdar í sveitarfélaginu og var þá verið að horfa í hvort megin áhersla væri á grenjaveiði eða vetrarveiði.

Uppgjör

Á fjárlögum var gert ráð fyrir um 54 milljónum króna á ári til refa- og minkaveiða og miðuðust endurgreiðslur við þau mörk. Endurgreiðslur árin sem áætlanir náði yfir nam í heild um 85 milljónum (sjá nánar í töflu 2). Heildarveiði sveitarfélaga á tímabilinu eru rúmlega 20.000 refir (sjá nánar í töflu 1).

Refaveiðar

Skil sveitarfélaga á veiðiskýrslum voru almennt góð hjá þeim sem höfðu gert samning. Sveitarfélög sem ekki skiluðu inn skýrslu eða engin veiði/vinna var fengu ekki endurgreitt. Heildarveiði sveitarfélaganna á tímabilinu voru rúmlega 20.000 refir.

Tafla 1. Samantekt á veiði sveitarfélaga skipt eftir hlaupadýrum, grendýrum og yrðlingum árin 2020-2022.

Sveitarfélag	2020				2021				2022			
	Grendýr	Yrðlingar	Hlaupadýr	Samtals	Grendýr	Yrðlingar	Hlaupadýr	Samtals	Grendýr	Yrðlingar	Hlaupadýr	Samtals
Ásahreppur	11	16	2	29	4	5	6	15	4	12	2	18
Píngeyjarsveit / Skútustaðahreppur	49	37	7	93	19	51	17	87	30	82	6	118
Skaftháahreppur	23	45	52	120	53	99	106	258	21	60	83	164
Árneshreppur	14	40	35	89	14	62	42	118	5	24	37	66
Húnabyggð	101	136	186	423	61	121	236	418	119	121	205	445
Píngeyjarsveit/Skútustaðahreppur	37	55	84	176	49	95	0	144	97	54	46	197
Akrahreppur	4	10	32	46	4	10	5	19	8	10	1	19
Fjótisdalshreppur	8	16	32	56	8	16	14	38	4	8	7	19
Skagabyggð	46	57	15	118	26	47	77	150	18	47	59	124
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	20	54	23	97	16	46	11	73	19	40	56	115
Kaldraneshreppur	6	13	41	60	12	25	8	45	20	29	10	59
Helgafellsveit	13	16	9	38	11	9		20	9	16	55	80
Reykholahreppur	69	23	63	155	12	30	60	102	16	48	70	134
Strandabyggð	25	64	113	202	40	81	93	214	24	52	76	152
Dalabyggð	72	62	101	235	81	101	117	299	92	73	118	283
Skorradalshreppur			57	57	6	12	45	63			53	53
Bláskógabyggð	20	34	46	100	26	45	31	102	48	86	47	181
Súðavíkurhreppur	84	39		123		19	61	80	83	55	17	155
Tjörneshreppur	2	6		8	4	13	0	17	6	19	0	25
Borgarfjarðarhreppur	4	8	23	35								
Hornafjörður	97	86	152	335	47	95	94	236	38	89	86	213
Eyja- og Miklaholtshreppur	16	28	9	53				0				
Vopnafjarðarhreppur	15	46	112	173	25	65	79	169	22	59	24	105
Langanesbyggð (Svalbarðshr)	23	51	62	136	20	46	68	134	49	71	12	132
Húnaþing vestra	85	183	63	331	100	216	104	420	120	299	81	500
Múlaþing	73	153	179	405	28	84	216	328	92	180	233	505
Djúpavogshreppur	21	42	25	88								
Grímsnes- og grafningshreppur	39	52	19	110	44	39	15	98	41	48	14	103
Hörgársveit	10	21	18	49	10	19	8	37	13	28	6	47
Rangárþing ytra	55	122	55	232	27	61	47	135	29	53	35	117
Eyjafjarðarsveit	17	26	0	43	8		12	20	17	17	17	51
Hrunamannahreppur	17	17	30	64	11	21	33	65	12	25	28	65
Kjósahreppur	12	28	44	84	22	34	13	69				
Mýrdalshreppur	10	45	95	150	8	16	15	39	13	37	28	78
Vesturbyggð	58	52	244	354	69	65	136	270	12	16	137	165
Borgarbyggð	26	32	256	314	53	94	173	320	41	74	203	318
Norðurþing	92	59	61	212	146	46	37	229	55	115	75	245
Grýtubakkahreppur	11	27	16	54	16	37	1	54	21	42	0	63
Rangárþing eystra	60	96	74	230	67	58	24	149	50	17	4	71
Sveitarfélagið Skagafjörður	294		129	423	78	192	75	345	68	167	96	331
Hvallfjarðarsveit	13	35	26	74	18	54	34	106	22	59	37	118
Tálknafjarðarhreppur			25	25			28	28		2	57	59
Ísafjarðarbær	148	8	0	156		32	134	166	107	42	0	149
Flóahreppur	8	23	7	38	8	20	5	33	4	16	6	26
Snæfellsbær	131	29		160	122	38	0	160	125	41	0	166
Sveitarfélagið Ölfus	2	8	40	50	29	32	0	61	48	43	0	91
Dalvíkurbyggð	38		16	54	9	17	5	31	6	21	11	38
Fjarðabyggð	53	101	70	224	47	57	40	144	5	9	11	25
Blönduós bær/Húnabyggð	8	22	7	37	7	11	6	24				
Fjallabyggð	14	22	28	64			29	29	9	23	43	75
Grundarfjarðarbær	25	32	9	66	9	21	35	65	16	26	16	58
Grindavík			74	74	0	0	43	43			58	58
Bolungarvík	33	18		51	7	12	17	36	29			29
Skagaströnd									5	0	5	10
Mosfellsbær	10	23	0	33	10	23		33	8	23	4	35
Sveitarfélagið Árborg	13	5	2	20	2	5	11	18	22	4		26
Akureyrarbær									1	4	0	5
Reykjavíkurborg	12	22	13	47	9	17	5	31			15	15
Suðurnesjabær		5	11	16			20	20				
Svalbarðsstrandahreppur			4	4								
Kópavogur			4	4			4	4				
Samtals	2.147	2.250	2.900	7.297	1.502	2.414	2.495	6.411	1.723	2.486	2.290	6.499

Einhver misbrestur er enn réttur skráningu í veiðiskýrslum þ.e. hvort um sé að ræða hlaupadýr, grendýr eða yrðlinga. Lögð verður aukin áhersla á það í nýrri áætlun að skilað verði inn réttum skráningum þar sem slíkt hefur áhrif á stofnstærðarmat og rannsóknir.

Endurgreiðslur

Endurgreiðslur til sveitarfélaga voru í samræmi við innsendar áætlanir og var endurgreiðsluhlutfallið mismunandi milli sveitarfélaga sjá „Áætlun til þriggja ára um refaveiðar 2014-2016“. Endurgreiðsluhlutfallið var endurskoðað og hækkaði um 2,5% árið 2021 frá grunn hlutfalli, en lækkaði um 1% frá grunnhlutfalli árið 2022.

Tafla 2. Samantekt á áætlunum, raunkostnaður og endurgreiðslum til sveitarfélaga 2020-2022.

Sveitarfélag	2020				2021				2022			
	Endurgreiðslu hlutfall	Áætlun	Raunkostnaður	Endurgreiðsla	Endurgreiðslu hlutfall	Áætlun	Raunkostnaður	Endurgreiðsla	Endurgreiðslu hlutfall	Áætlun	Raunkostnaður	Endurgreiðsla
Ásahreppur	30%	1.430.000	834.374	250.312	32,50%	1.550.000	508.192	165.162	29%	1.650.000	665.510	192.998
Pingeyjarsveit / Skútustaðahreppur	30%	5.000.000	4.046.154	1.213.846	32,50%	8.000.000	3.730.252	1.212.332	29%	8.000.000	3.617.851	1.049.177
Skaffárhreppur	30%	3.330.000	1.279.824	383.947	32,50%	3.330.000	2.560.519	832.169	29%	3.330.000	3.005.244	871.521
Árneshreppur	30%	850.000	753.000	225.900	32,50%	900.000	1.058.000	292.500	29%	950.000	1.049.000	275.500
Húnaþing	30%	5.380.404	7.234.336	1.614.121	32,50%	5.541.816	6.609.378	1.801.090	29%	7.485.780	9.054.968	2.170.876
Pingeyjarsveit/Skútustaðahreppur	30%	8.000.000	6.908.011	2.072.403	32,50%	8.500.000	6.862.593	2.230.343	29%	9.000.000	10.000.000	2.610.000
Akrahreppur	30%	500.000	487.840	146.352	32,50%	500.000	207.320	67.379	29%	500.000	207.320	60.123
Fjötúsdalshreppur	30%	1.200.000	2.426.614	360.000	32,50%	1.300.000	1.121.606	364.522	29%	1.400.000	10.000.000	406.000
Skagabyggð	25%	2.300.000	2.289.535	572.384	27,50%	2.650.000	2.162.560	594.704	24%	2.650.000	2.345.940	1.179.330
Skeiða- og Gnúperjahreppur	25%	2.050.000	1.888.639	472.160	27,50%	2.050.000	2.041.794	561.493	24%	2.050.000	3.503.471	492.000
Kaldrananeshreppur	25%	700.000	346.300	86.575	27,50%	700.000	662.862	182.287	24%	700.000	636.847	152.843
Helgafellssveit	25%	1.300.000	1.209.000	302.250	27,50%	1.300.000	1.260.000	346.500	24%	1.300.000	1.250.000	300.000
Reykjólshreppur	25%	4.000.000	5.905.432	1.000.000	27,50%	4.000.000	3.889.355	1.069.573	24%	4.000.000	4.447.047	960.000
Strandabyggð	25%	4.500.000	3.349.742	837.436	27,50%	5.000.000	3.546.507	975.289	24%	5.500.000	3.546.507	851.162
Dalabyggð	25%	6.500.000	4.171.120	1.042.780	27,50%	7.500.000	5.167.632	1.421.099	24%	7.500.000	5.154.608	1.237.106
Skorradalshreppur	25%	1.200.000	918.840	229.710	27,50%	1.350.000	918.840	252.681	24%	1.400.000	1.021.760	245.222
Bláskógabyggð	25%	4.000.000	2.185.595	546.399	27,50%	4.000.000	1.584.438	435.720	24%	4.000.000	5.581.386	960.000
Súðavíkurhreppur	25%	1.000.000	650.400	162.600	27,50%	1.000.000	697.200	191.730	24%	1.000.000	968.160	232.358
Tjórneshreppur	25%	500.000	400.272	100.068	27,50%	545.000	396.200	108.955	24%	600.000	545.798	130.992
Borgarfjarðahreppur	25%	1.000.000	699.560	174.890	27,50%	1.000.000	0	0	24%	1.000.000	0	0
Hornafjörður	25%	2.600.000	2.852.625	650.000	27,50%	2.600.000	1.848.500	508.338	24%	2.600.000	2.343.000	562.320
Eyja- og Miklaholtshreppur	25%	900.000	825.034	206.259	27,50%	950.000	0	0	24%	1.000.000	0	0
Vopnafjarðahreppur	25%	4.000.000	4.692.028	1.000.000	27,50%	4.000.000	4.303.074	1.100.000	24%	4.200.000	3.220.456	772.909
Langanesbyggð (Svalbarðshr)	25%	4.000.000	2.804.860	701.215	27,50%	4.100.000	2.799.488	769.859	24%	4.150.000	3.545.644	805.955
Húnaþing vestra	25%	7.800.000	5.937.920	1.484.480	27,50%	8.000.000	7.325.520	2.014.518	24%	8.200.000	8.947.880	1.968.000
Múlaþing	25%	7.500.000	6.717.709	1.679.427	27,50%	8.000.000	549.214	151.034	24%	8.500.000	7.159.208	1.718.210
Djúpavogshreppur	25%	1.250.000	1.671.200	312.500	27,50%	1.250.000	0	0	24%	1.250.000	10.000.000	0
Grimnes- og grafningshreppur	20%	2.100.000	1.616.960	323.392	22,50%	2.300.000	1.558.680	350.703	19%	2.500.000	1.703.760	323.714
Hörgarsveit	20%	1.800.000	1.966.037	360.000	22,50%	1.900.000	1.824.183	410.441	19%	2.000.000	0	0
Rangárfjöringryta	20%	3.200.000	5.258.700	640.000	22,50%	3.500.000	2.402.215	540.498	19%	3.800.000	2.494.730	473.999
Eyjafljómsveit	20%	1.500.000	1.478.080	295.616	22,50%	1.580.000	1.428.000	321.300	19%	1.640.000	1.401.780	266.338
Hrunamannahreppur	20%	1.500.000	1.399.944	279.989	22,50%	1.550.000	1.491.200	335.520	19%	1.600.000	1.356.300	257.697
Kjósahreppur	20%	1.500.000	1.593.474	300.000	22,50%	1.500.000	1.067.530	240.194	19%	1.500.000	1.067.530	202.831
Myrdalshreppur	20%	1.352.000	1.647.776	270.400	22,50%	1.385.800	1.279.646	287.920	19%	1.420.445	937.964	178.213
Vesturbbyggð	20%	2.400.000	2.241.792	448.358	22,50%	2.400.000	1.695.608	381.512	19%	2.400.000	1.114.560	211.766
Borgarbyggð	20%	5.000.000	5.016.636	1.000.000	22,50%	5.150.000	5.136.051	1.155.611	19%	5.300.000	5.292.241	1.005.526
Norðurþing	20%	9.200.000	10.754.061	1.840.000	22,50%	9.200.000	12.300.817	2.070.000	19%	9.200.000	12.951.364	1.748.000
Grýtubakkahreppur	20%	1.000.000	765.370	153.074	22,50%	1.000.000	775.448	174.476	19%	1.000.000	602.932	114.557
Rangárfjöring eystra	20%	3.800.000	4.631.728	760.000	22,50%	4.000.000	2.563.765	576.847	19%	4.000.000	1.384.768	263.106
Sveitarfélagið Skagafjörður	20%	6.900.000	6.783.000	1.356.600	22,50%	6.900.000	5.974.907	1.344.354	19%	7.000.000	5.587.031	1.061.536
Hvalfjarðarsveit	15%	3.173.700	1.927.000	289.050	18,50%	3.250.000	2.932.000	542.420	14%	3.335.000	2.859.000	400.260
Tálknafljómsveit	15%	520.000	217.435	32.615	18,50%	520.000	243.620	45.070	14%	520.000	512.120	71.697
Ísafjarðarbær	15%	2.500.000	2.580.000	375.000	18,50%	2.500.000	2.588.000	462.500	14%	2.500.000	2.155.000	301.700
Flóahreppur	15%	490.000	689.084	73.500	18,50%	495.000	530.653	91.575	14%	500.000	522.670	70.000
Snaefellsbær	15%	2.000.000	1.626.328	0	18,50%	2.150.000	1.566.856	289.868	14%	2.300.000	1.657.288	232.020
Sveitarfélagið Ölfus	15%	3.650.000	876.100	131.415	18,50%	3.850.000	1.573.859	291.164	14%	4.100.000	2.389.390	334.515
Dalvíkurbyggð	15%	900.000	867.814	130.172	18,50%	950.000	700.986	129.682	14%	1.000.000	828.102	115.934
Seyðisfjarðarkaupstaður	15%	315.000	0	0	18,50%	315.000	0	0	14%	315.000	0	0
Fjarðabyggð	15%	3.000.000	2.609.000	391.350	18,50%	3.200.000	1.960.000	362.600	14%	3.500.000	270.000	37.800
Blönduósarbær/Húnaþing	15%	1.500.000	1.473.969	221.095	18,50%	1.650.000	1.075.776	199.019	14%	1.750.000	0	0
Fjallabyggð	15%	500.000	694.000	75.000	18,50%	550.000	290.000	53.650	14%	600.000	785.500	84.000
Grundarfjarðarbær	15%	850.000	810.000	121.500	18,50%	1.000.000	810.000	149.850	14%	1.000.000	900.000	126.000
Grindavík	15%	1.500.000	592.000	88.800	18,50%	1.500.000	344.000	63.640	14%	1.500.000	464.000	64.960
Vogar	15%	0	0	0	18,50%	0	0	0	14%	0	0	0
Bolungarvík	15%	700.000	309.800	46.470	18,50%	700.000	237.200	43.882	14%	700.000	203.000	28.420
Skagaströnd	15%	300.000	0	0	18,50%	300.000	0	0	14%	300.000	120.500	16.870
Mosfellsbær	15%	400.000	301.610	45.242	18,50%	400.000	301.610	55.798	14%	400.000	313.780	43.929
Sveitarfélagið Árborg	15%	447.000	95.000	14.250	18,50%	465.000	387.919	71.765	14%	484.000	684.603	67.760
Stykkishólmur	15%	50.000	0	0	18,50%	75.000	0	0	14%	80.000	1.000.000	11.200
Akureyrarbær	15%	50.000	0	0	18,50%	50.000	0	0	14%	50.000	209.956	7.000
Reykjavíkurborg	15%	1.159.180	0	0	18,50%	0	462.222	0	14%	50.000	0	0
Suðurnesjábær	15%	79.000	85.000	0	18,50%	98.000	120.000	0	14%	123.000	120.000	16.800
Svalbarðsstrandahreppur	15%	250.000	108.688	16.303	18,50%	250.000	48.367	8.948	14%	250.000	51.840	7.258
Samtals		148.047.284	134.502.350	27.907.205		156.250.616	117.482.162	28.700.085		162.633.225	153.849.314	28.395.007

Áætlanir sveitarfélaga gerðu ráð fyrir kostnaði á bilinu 148-162 mkr. á ári, raunkostnaður samkvæmt innsendum reikningum var hins vegar á bilinu 117-156 mkr. Endurgreiðslur til sveitarfélaga námu um 27,9 mkr. árið 2020, 28,7 mkr. árið 2021 og 28,4 mkr. árið 2022 (sjá töflu 2).

Mat á tjóni

Umhverfisstofnun vinnur samkvæmt lögum 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Í 12.gr laganna er skýrt kveðið á um að ráðherra geti ákveðið, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, að nauðsynlegt sé að láta veiða refi til þess að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum. Umhverfisstofnun hefur kallað eftir upplýsingum um tjón af

völdum refa frá bændum og sveitarfélögum í áætlunum þessum undanfarin sex ár en nær engar upplýsingar hafa borist. Miðað við skort á skráningum á tjóni er það mat Umhverfisstofnunar að forsendur séu í raun brostnar fyrir áframhaldandi veiðum með því fyrirkomulagi sem er í dag. Stofnunin telur því ljóst að það þurfi að fara í gagngera endurskoðun á fyrirkomulaginu og hugsanlega breyta áherslum þannig að forsendur refaveiða verði sérstakir verndarhagsmunir, s.s. æðarvarp eða fuglaverndarsvæði. Í þessu samhengi er vert að benda á að stofnunin mun gera þann fyrirvara við áætlun um refaveiðar fyrir árin 2023-2025 að endurskoðun laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er nú í gangi en þar verður þróun í málaflokknum undanfarna áratugi höfð til hliðsjónar.

Rannsóknir og grenjaskráning

Í áætluninni var lagt til að sveitarfélög skuli sjá til þess að Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) verði send hræ af tilteknu hlutfalli af veiddum dýrum, í samráði við NÍ. NÍ hefur það hlutverk að sjá um vöktun á refastofninum og hún er að stórum hluta unnin þannig að veiðimenn senda inn hræ af unnum dýrum sem eru síðan krufin. Með krufningu má safna ýmsum upplýsingum um stofninn. Á móti fengju sveitarfélög/veiðimenn upplýsingar um þá refi sem þau senda inn, auk skýrslu um ástand stofnsins. Þar sem sendingarkostnaður á frystivöru er hár þarf að skipuleggja sýnasöfnunina vel, t.d. í samráði við náttúrustofur þar sem það á við.

Almennt gekk vel að fá sýni af flestum svæðum á tímabilinu

Grenjaskráning var mjög misjöfn eftir sveitarfélögum þar sem sum skiluðu inn samanteknum upplýsingum með gps hnitum en önnur eingöngu nöfnum á grenjum. Upplýsingar um nöfn á grenjum eru mikilvægar þar sem yfirleytt er farið á sömu greni ár eftir ár. Það sem er mikilvægast í þessu í framhaldinu er að leggja áherslu að skrá ábúð eða ekki á þeim grenjum sem heimsótt eru. Þessar upplýsingar eru mjög mikilvæg í mati á þróun stofnsins og stofnstærðar.

